



Út í geim





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkin Menntamálastofnunar,
sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vefsíðu.



Einar og Sóley voru að leira.

– Ég vil búa til geimveru,
sagði Sóley.


– Ég vil líka búa til geimveru,
sagði Einar. Mín á að heita Axel.

– Mín á að heita Pála, sagði Sóley.

Nú kom pabbi inn.

– Vá, fínar geimverur, sagði hann,
en farið nú að sofa.

Einar og Sóley fóru þá að sofa.
en Pála og Axel fóru að tala saman.



- Þar sem við erum geimverur getum við farið út í geim, sagði Pála.
- Já, það væri gaman, sagði Axel.

Pála og Axel þutu saman út í geim.
Þau sáu Venus, Eris og Vega.
Þau sáu líka Júpíter og Úranus.
Og þau sáu mánann og sólina.
Þau fóru upp og niður, út og suður
og nutu þess að fara um geiminn.



Axel og Pála fóru nær og nær Venus.
Þar sáu þau veru á leið niður hól.

– Halló, við erum geimverur.
Ég heiti Pála og hann heitir Axel,
sagði Pála og leit á Axel.

– Hæ, sagði veran. Ég heiti Venus.
Og hér á Venus á ég heima.
Verið velkomin.
Hér er gaman að vera.


– Ég var að leika mér áðan og fann þá sex rauða rúbína. Ég get falið þá í leynikotinu mínu, sagði Venus.

– Nú, eru óvinir hér? sagði Axel.

– Nei, en ef óvinir koma utan úr geimi get ég falið mig í leynikotinu.

– Við erum ekki óvinir, sagði Pála.


– Nei, ég veit að þið eruð vinir mínir, sagði Venus.



Axel og Pála sáu nú gula kúluhúsið þar sem Venus býr. Þau fóru inn í húsið.

– Á bak við sófann eru leynidyr, sagði Venus. Hér er pínulítill píla sem ég ýti á. Ef við förum hér niður getið þið séð leynikotið mitt.

– Vá, vá, sagði Axel. Hér er gaman að vera! Komum að leika.



Pála og Axel sáu ýmiss konar dót í kotinu. Þar voru líka gulir og rauðir púðar sem þau gátu setið á.

– Þei, þei, sagði Pála, uss!


Ég heyri læti uppi.

– Æ, æ, óvinur, uss, uss.

Venus var fól þegar hún sagði:


– Ég fer og reyni að loka dyrunum.





En Venus var of sein.
Hún náði ekki að loka
dyrunum í tæka tíð.

Pála og Axel sáu móta fyrir veru
í dyrunum. Æ, æ, ó, ó,
Venus var of sein, æ, æ.
Óvinurinn leit á Venus og sagði:
– Sæl, rúsínan mín.
– Máni! Þú hér! sagði Venus.
En gaman! Já, nú er gaman.



– Máni er vinur minn en ekki óvinur utan úr geimi, sagði Venus.

– Ha, ha, sagði Máni. Nei, ég er ekki óvinur. Fáðið ykkur kex.

Ég bý á mánanum en nú getum við farið út og leikið okkur saman.

Þið getið komið síðar heim til mín og séð heimilið mitt.

Það væri gaman.

Notkun

Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skráttin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

Út í geim

Lestrarbók 14b

ISBN 978-9979-0-2290-9

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© teikningar Bergrún Íris Sævarsdóttir
Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir

1. útgáfa 2018
Menntamálastofnun
Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir ei, ey, p og x sérstaklega æfðir.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Bergrún Íris Sævarsdóttir.

